

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**738. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 20. febrúar 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Bréf Landsbankans hf.
2. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2012.
3. Bréf safnvarðar Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna.
4. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
5. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Bréf Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.
7. Álagning fasteignaskatts á hesthús í þéttbýli.
8. Tilboð í sorphirðu fyrir Húnaþing vestra.

Afgreiðslur:

1. Bréf Landsbankans hf. lagt fram en þar er farið yfir eignarhald á félaginu Reykjahöfða ehf. Í bréfinu kemur m.a. fram að Landsbankinn sé reiðubúinn að kaupa aðra eignaraðila út úr félaginu. Byggðarráð samþykkir að bjóða Landsbankanum hf. eignarhlut Húnaþings vestra til kaups en eignarhlutur sveitarfélagsins er kr. 560.010-
2. Til kynningar lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem greint er frá því að Landsþings sambandsins verði haldið í Reykjavík þann 23. mars nk.
3. Fram lagt bréf safnvarðar Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna. Í bréfinu er leitað eftir fjárstyrk frá Húnaþingi vestra til að hefja byggingu skála undir hákarlaveiðiskipið Ófeig. Byggðarráð samþykkir að ekki séu forsendur til að einn af þremur eignaraðilum byggðasafnsins ráðist í fjármögnun á svo umfangsmiklu verkefni og því er erindinu hafnað.
4. Til kynningar lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem greint er frá uppgjöri framlaga til Húnaþings vestra og Bæjarhrepps á árinu 2011.
5. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga lagt fram en þar er kynnt atvinnuátakið Vinnandi vegur sem sambandið á aðild að f.h. sveitarfélaga í landinu. Aðrir þátttakendur átaksins eru: Ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg, ASÍ, SA, BSRB og BHM. Umræddu átaksverkefni er ætlað að vinna gegn langtímaatvinnuleysi.
6. Fram lagt bréf Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem sveitarfélögum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál. Byggðarráð felur sveitarstjóra að leggja drög að umsögn er send verði milli sveitarstjórnarmanna í tölvupósti.
7. Fram lögð eftirfarandi ályktun ásamt bókun vegna álagningar fasteignaskatts á hesthús í þéttbýli:

Ályktun:

Byggðarráð Húnaþings vestra skorar á innanríkisráðherra að leggja nú þegar fram frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, þannig að hesthús í þéttbýli færist undir a – lið 3. mgr. 3. gr. laganna í stað c – liðar eins og nú er og að breytingin taki til álagningarársins 2012.

Bókun:

Þrátt fyrir framangreinda áskorun er ljóst að álagning fasteignaskatts ársins 2012 á hesthús í þéttbýli mun óhjákvæmilega verða skv. c – lið 3. mgr. 3. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, enda eru ekki lagaheimildir til annars. Hins vegar

samþykkir byggðarráð að fresta gjalddögum fasteignaskatts á hesthús í þéttbýli til 1. júlí nk. og að þeir verði 6 eða 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember. Komi til þess að Alþingi samþykki breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem hafi áhrif á álagningu fasteignaskatts ársins 2012 á hesthús í þéttbýli er jafnframt ljóst að sveitarfélagið mun leggja fasteignaskattinn á að nýju til samræmis við þær lagabreytingar.

Ályktunin ásamt bókun samþykkt samhljóða.

8. Tilboð í sorphirðu fyrir Húnaþing vestra.

Eftirfarandi tilboð bárust í sorphirðu fyrir Húnaþing vestra en tilboð voru opnuð hjá Ríkiskaupum þann 26. janúar sl.

Eftirfarandi er bókað í fundargerð Ríkiskaupa frá 26. Janúar sl.

„Engar athugasemdir voru gerðar við framkvæmd útboðsins.

Lesin voru upp nöfn bjóðenda og heildartilboðsfjárhæð og hvort um frávikstilboð sé að ræða.

1. Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar ehf.

Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.318.725,-

Frávikstilboð: Nei

Frávikstilboð 1: Verkkaupi annast sjálfur og á eigin kostnað rekstur gámastöðvar.

Heildartilboðsfjárhæð: kr. 886.780,-

Frávikstilboð 2: Verkkaupi annast sjálfur og á eigin kostnað rekstur gámastöðvar og fækkun í losanatíðni, fjöldi losana eru 17,3.

Heildartilboðsfjárhæð: kr. 762.770,-

Frávikstilboð 3: Verkkaupi annast sjálfur og á eigin kostnað rekstur gámastöðvar og breytt losanatíðni, fjöldi losana eru 26.

Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.054.792,-

Frávikstilboð 4: Verkkaupi annast sjálfur og á eigin kostnað rekstur gámastöðvar og endurvinnslutunna við hvert heimili, breytt losanatíðni, fjöldi losana eru 34.

Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.187.732,-

Frávikstilboð 5: Verkkaupi annast sjálfur og á eigin kostnað rekstur gámastöðvar og endurvinnslutunna við hvert heimili, breytt losanatíðni, fjöldi losana eru 39.

Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.425.189,-

2. Íslenska Gámafélagið ehf.

Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.841.850,-

Frávikstilboð: Nei

Frávikstilboð 1: Sveitarfélagið sjái sjálft um alla þjónustu við gámasvæði
Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.270.100,-

3. HH Gámaþjónusta ehf.
Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.738.179,-
Frávikstilboð: Nei

4. Urðun ehf.
Heildartilboðsfjárhæð: kr. 1.117.232,-
Frávikstilboð: Nei

Íslenska gámafélagið, Gísli Ívarsson: vekur athygli á því að hvert tilboð skuli vera skilað í sér umslagi með tilheyrandi fylgigögnum.
Ekki aðrar athugasemdir gerðar við framkvæmd fundarins.“

Lagt fram minnisblað frá Ríkiskaupum dags. 17. febrúar sl. þar sem m.a. kemur fram að ljóst sé að þau frávikstilboð sem bærust fullnægja ekki þeim lágmarkskröfum útboðsgagna til eiginleika þess sem óskað er eftir og koma þau því ekki til frekari skoðunar.

Varðandi aðaltilboð kemur fram í umræddu minnisblaði að lágsta tilboðið kom frá Urðun ehf. Bráðabirgðaársreikningur Urðunar fyrir árið 2011 sýnir jákvæða eiginfjárstöðu fyrirtækisins eins og krafa var gerð um í útboðsgögnum. Spurningar voru sendar til Urðunar þar sem óskað var eftir nánari skýringum á tilboði þeirra og staðfestingu varðandi nokkur atriði útboðsgagna. Telja Ríkiskaup að Urðun hafi sýnt fram á að geta staðið við tilboð sitt og þær skuldbindingar sem farið er fram á í útboðsgögnum.

Niðurstaða Ríkiskaupa er að gengið verði til samninga við Urðun ehf. um sorphirðu í Húnaþingi vestra.

Byggðarráð samþykkir að fela oddvita, sveitarstjóra og forstöðumanni tæknideildar að ganga til samninga við Urðun ehf. um sorphirðu fyrir Húnaþing vestra.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:17

Stefán Einar Böðvarsson.

Leó Örn Þorleifsson.

Ragnar Smári Helgason.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.